




VIRK framtíð



GILDI VIRK

Fagmennska

- Við búum yfir þekkingu, færni og reynslu
- Við erum áreiðanleg
- Við leggjum áherslu á trúnað, öryggi og traust

Virðing

- Við berum virðingu fyrir sjálfum okkur og samferðafólki okkar
- Við leggjum áherslu á samvinnu og samstarf í öllum verkefnum
- Við erum sveigjanleg
- Við leggjum áherslu á umburðarlyndi og auðmýkt

Metnaður

- Við höfum kraft og hugrekki til að fara nýjar leiðir
- Við sýnum frumkvæði og framsækni
- Við lærum af reynslunni og viljum stöðugt gera betur



HLUTVERK VIRK

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarpjónustu.

- VIRK skipuleggur, fjármagnar og hefur umsjón með störfum ráðgjafa, sérfræðinga og þjónustuaðila sem koma að mótun og framkvæmd einstaklingsmiðaðra áætlana í starfsendurhæfingu
- VIRK metur raunhæfi starfsendurhæfingar og starfsgetu einstaklinga sem búa við skerta starfsgetu vegna heilsubrests
- VIRK nýtir þekkingu, rannsóknir og reynslu til að tryggja samþætta, árangursríka og örugga þjónustu á sviði starfsendurhæfingar og starfsgetumats
- VIRK stuðlar að auknum rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar
- VIRK stuðlar að samstarfi mismunandi aðila sem koma að starfsendurhæfingu einstaklings
- VIRK vinnur með fagaðilum, fyrirtækjum og stofnunum að því að skapa fjölbreytt tækifæri fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu á vinnumarkaði

FRAMTÍÐARSÝN VIRK

- VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi með aukinni þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði
- Samræmt starfsgetumat er grunnur að ákvarðanatöku varðandi vinnugetu einstaklinga
- Almennigur, fyrirtæki, stofnanir og stjórnvöld eru vel upplýst um ávinning af starfsemi VIRK
- VIRK er virt þekkingarsetur og leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar



VIRK framtíð

fyrir okkur öll

Á árinu 2015 fórum við í umfangsmikla stefnumótunarvinnu með þátttöku stjórnar, starfsmanna, ráðgjafa og ýmissa sérfræðinga sem vinna fyrir VIRK þar sem lítið var til gilda okkar, hlutverks og framtíðarsýnar.

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarpjónustu.

Gildin okkar eru fagmennska, virðing og metnaður. Með fagmennsku tryggjum við áreiðanleika, þekkingu, öryggi og traust. Við berum virðingu fyrir okkur sjálfum og samferðafólki okkar ásamt því að leggja áherslu á samvinnu og samstarf. Við höfum metnað og kjark til að fara nýjar leiðir, lærum af reynslunni og viljum stöðugt gera betur.

Við munum í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir finna leiðir til virkrar framtíðar fyrir okkur öll og skila samfélaginu ávinningi með aukinni þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði.

Vigdís Jónsdóttir